



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 358

Guðrún Ólafía Sigurgeirsdóttir

(1932-2007)

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 358

Guðrún Ólafía Sigurgeirsdóttir (1932-2007)

Inngangur

Guðrún Ólafía Sigurgeirsdóttir fæddist í Reykjavík 5. júlí 1932. Foreldrar hennar voru Sigurgeir Guðjónsson, húsasmíðameistari í Reykjavík, fæddur 9. ágúst 1906 og Sigurbjörg Ólafsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 6. október 1907. Guðrún var elst 5 systkina, yngri eru Guðjón Viðar fæddur 1934, Sigmundur fæddur 1935, Helga fædd 1936 og Ólafur Þór fæddur 1946.

Dóttir Guðrúnar og Þorvarðar Guðmundssonar er Sigurbjörg Þorvarðardóttir, skrifstofumaður í Garðabæ, fædd 9. mars 1951. Hún giftist Ísleifi Valtýssyni, fæddur 28. desember 1947.

Guðrún giftist 1954 Friðriki Hjaltasyni prentara, fæddur 9. júní 1929. Þau skildu. Börn þeirra eru Sigurgeir sjómaður í Reykjavík, fæddur 1955 og Ásta skrifstofustjóri í Reykjavík, fædd 1960.

Sonur Guðrúnar og Gunnars Péturssonar er Ólafur Þór, læknir og bæjarfulltrúi í Kópavogi, fæddur 1963.

Seinni eiginmaður Guðrúnar var Stefán Vilhjálmsson, fæddur 20. febrúar 1931.

Guðrún ólst upp í Reykjavík og gekk í Austurbæjarskólann og tók þaðan gagnfræðapróf. Hún tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1983. Guðrún starfaði við verslunar- og skrifstofustörf í Reykjavík allan sinn starfsaldur, framan af hjá Flugfrakt, Bæjarútgerð Reykjavíkur og síðast hjá Tollstjóranum í Reykjavík þar sem hún var staðgengill yfirlingjaldkera. Hún tók þátt í verkalýðsmálum og var lengi trúnaðarmaður á þeim vinnustöðum sem hún var á. Guðrún hafði yndi af ferðalögum, bæði innanlands og utan. Guðrún lést 21. desember 2007.

Sigurgeir Friðriksson afhenti safnið úr dánabúi Guðrúnar Ólafíu Sigurgeirdóttur Súlunesi 22, Garðabæ.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréf til Sigurbjargar Friðriksdóttur frá Oddnýju Jósefsdóttur.
Meðmælalibréfi undirritað af Guðjóni Friðleifssyni verzlunarstjóra hjá Sláturfélagi Suðurlands handa Guðrúnu Sigurgeirsdóttur dagsett

15. september 1953.

Skólaskírteini Skólafélags Gagnfræðaskóla Reykvíkinga 1947-1948.

Jóla kort 1937 -1952, 1965-1969, 1989, 1993-2005.

Ódagsett jóla kort.

Merkimiðar á jólapakka.

Pakning utan um jólapóst.

Póst kort frá ýmsum tímum.

Reglugerð fyrir Hjúkrunarkvennaskóla Íslands útgefið 12. mars 1949.

Farseðlar.

Biblíumyndir tvær og Mustarðskort nr. 6.

Bæklingar Chapel of the holy cross Arizona og Arizona church conference center.

Askja 2

Jóla kort 1953 - 1992.

Sýningarskrár, dagskrár og boðskot frá tímabilinu 1981 – 1998.

Skráð Bergþóra Annasdóttir, febrúar 2008